



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð aðalfundar

*Haldinn í húsaáskynnum Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1
Þriðjudaginn 12. apríl 2011, kl. 13:00*

Bjarni Pálsson, varaformaður félagsins, opnaði fundinn og bar honum kveðju Jakobs S. Friðrikssonar, formanns, sem var staddur erlendis. Bjarni staðfesti ennfremur að fundurinn var löglega boðaður, en það var gert með tölvubréfi til félagsmanna 15. mars. Gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.

Formaður gerði tillögu um Rögnu Karlsdóttur sem fundarstjóra og Gústaf Adolf Skúlason sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Ragna við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Varaformaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2010-2011.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.

Jónas Matthíasson, gjaldkeri félagsins, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2010. Árið 2010 var halli á rekstri félagsins sem nam kr. 103.524. Eigið fé í árslok 2010 voru kr. 2.980.974. Reikningarnir voru samþykktir.

4. Fram komnar breytingar á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lágu tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum félagsins, sem sendar höfðu verið með fundarboði 15. mars. Gerð var tillaga um eftirfarandi breytingar á 5. gr. samþykktanna (breytingartillögur auðkenndar með yfir- og undirstrikunum):

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og á dagskrá hans skal m.a. vera eftirfarandi.

- Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.*
- Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.*
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.*
- ~~Fram komnar breytingar~~ Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.*
- Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.*
- Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.*
- ~~Staðfesting á~~ Upplýsingar um inngöngu nýrra félaga.*
- Önnur mál.*

Ennfremur voru gerðar tillögur um eftirfarandi breytingar á 7. gr. samþykktanna:

Tillögur eða beiðnir um inngöngu í félagið skulu sendar stjórninni, til afgreiðslu. Upplýsingar um inngöngu nýrra félaga skulu kynntar á aðalfundi. sem afgreiðir þær með fyrirvara um staðfestingu aðalfundar.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 þar sem gert er ráð fyrir að veltan verði kr. 760.000 og tekjur umfram gjöld kr. 10.000. Var fjárhagsáætlunin samþykkt. Þá var samþykkt tillaga um sérstakt félagsgjald fyrir námsmenn, kr. 1.000. Félagsgjöld verða annars óbreytt frá fyrra ári, eða kr. 25.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir, kr. 3.000 fyrir einstaklinga, en félagsaðild gjaldfrí fyrir einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri.

6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Á aðalfundi 2010 var Jakob S. Friðriksson kjörinn formaður til tveggja ára og því ekki kosið um formennskuna að þessu sinni. Á aðalfundi 2009 voru kjörin í stjórn til tveggja ára þau Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson og Ragna Karlsdóttir. Gústaf gaf kost á sér til endurkjörs, Jónas og Ragna ekki. Jafnframt gáfu kost á sér til stjórnarsetu þeir Claus Ballzus frá Mannviti og Magnús Ólafsson frá ÍSOR. Önnur framboð komu ekki fram og voru þeir Claus, Gústaf og Magnús kjörnir með lófataki til stjórnarsetu næstu tvö árin. Áfram sitja jafnframt í stjórn, kjörnir til tveggja ára á aðalfundi 2010, þeir Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson og Sigurður Magnús Garðarsson. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson einróma kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

7. Staðfesting á inngöngu nýrra félaga.

21 einstaklingur hafði óskað eftir inngöngu í félagið frá síðasta aðalfundi og í anda samþykkt félagsins eins og þær hljóðuðu við upphaf fundar var innganga þeirra allra staðfest af aðalfundi. Nýju félagsmennirnir eru þau Anette K. Mortensen, Ari Stefánsson, Bergur Sigfússon, Edda S.P. Aradóttir, Geir Þórólfsson, Guðmundur Hagalín Guðmundsson, Gunnar Gunnarsson, Hólmfríður Sigurðardóttir, Ingimar Guðni Haraldsson, Jón S. Ólafsson, Júlíus J. Jónsson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Kristján Ágústsson, María Sigrún Guðjónsdóttir, Sigríður Sif Gylfadóttir, Stefán Sturla Gunnsteinsson, Tómas Guðmarsson, Tómas Hansson, Þór Gíslason, Þórður Andrésson og Þráinn Friðriksson.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál voru borin upp á fundinn.

Aðalfundi slitið kl. 13:35.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum var haldinn vorfundur félagsins, kl. 14:00 á sama stað og sóttu hann rúmlega 70 manns. Dagskrá vorfundarins var svohljóðandi:

Stendur jarðhitinn í stjórnkerfinu?

Orkustefna, eignarhald, sjálfbærni, rammaáætlun, auðlindanýting

Ávörp og erindi:

- Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra
- Kristín Haraldsdóttir, forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík
- Júlíus J. Jónsson, forstjóri HS Orku

Pallborðsumræður:

- Gunnar Tryggvason, fulltrúi í stýrihóp um mótun heildstæðrar orkustefnu
- Svanfríður Jónasdóttir, formaður verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða
- Júlíus J. Jónsson, forstjóri HS Orku
- Kristín Haraldsdóttir, forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar HR

Loks voru bornar fram kaffiveitingar í boði Orkuveitu Reykjavíkur.

sign.

Ragna Karlsdóttir, fundarstjóri

sign.

Gústaf Adolf Skúlason, ritari